

**15. fundur skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn  
18. desember 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir varaformaður, Þórir Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Einar Magnússon, Eyþór Bjarnason aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður.

**Embættismenn:**

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Dagný Finnbjörnsdóttir, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Dagskrá:**

**1. Frístundastyrkir - 2024110087**

Lögð fram samantekt og upplýsingar úr sambærilegum sveitarfélögum að beiðni nefndar.

*Starfsmanni nefndarinnar falið að gera drög að reglum um frístundastyrki í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram á næsta fundi skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar.*

**2. Eyrarskjól - Hjallastefnan, rekstur leikskóla - 2013120025**

Lagður fram endurnýjaður samningur við Hjallastefnuna um rekstur leikskólans Eyrarskjóls á Ísafirði ásamt minnisblaði Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs dags. 13. desember 2024.

*Skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd felur starfsmönnum að uppfæra samninginn í samræmi við umræður á fundinum og bera breytingarnar undir Hjallastefnuna ehf.*

**3. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla í Ísafjarðarbæ skólaárið 2024-2025 - 2024090103**

Lögð fram starfsáætlun leikskóla fyrir skólaárið 2024-2025, frá leikskólanum Eyrarskjóli ísafirði.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2024 - 2024120079**

Lagðar fram tilnefningar um íþróttamann Ísafjarðarbæjar 2024 og efnilegasta íþróttamann Ísafjarðarbæjar 2024. 10 tilnefningar bárust frá aðildarfélögum HSV um íþróttamann ársins og 1 frá íbúum Ísafjarðarbæjar. 12 tilnefningar bárust um

15. fundur skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndar

efnilegasta íþróttamann Ísafjarðarbæjar og bárust þær frá aðildarfélagum HSV.  
*Nefndin tók einróma ákvörðun um valið og verður sú ákvörðun kynnt í hófi þann  
12. janúar 2025 kl: 15:00.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:10**

---

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

---

Magnús Einar Magnússon

---

Eyþór Bjarnason

---

Elísabet Samúelsdóttir

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Hafdís Gunnarsdóttir

---

Guðrún Birgisdóttir

---

Dagný Finnbjörnsdóttir